

EFTIRLITSSKÝRSLA



Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.

Dags eftirlits	3.6.2015	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6008932469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi komu fram. Enn reyndist umbúnaður á geymslusvæði fyrir vinnuvélar og bílhræ vera óviðunandi. Ekki hefur verið orðið við kröfu um botnpéttingu og söfnun sigvatns, né söfnun hauggass. Rekstraraðili hefur ekki haldið samráðsfundi í sex ár. Ein athugasemd var einnig gerð. Herða þarf á skráningum vegna atriða í grein 3.1 í starfsleyfi

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

1. Staða starfsleyfisumsóknar
2. Staða eldri frávika og athugasemda
3. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
4. Skoðun á urðunarstaðnum, myndir teknar og samantekt.

Á fundinum kom fram að öll gögn varðandi starfsleyfisumsóknina hafa borist og hefur hún verið samþykkt. Unnið er að gerð starfsleyfisins og ættu fyrstu drög að liggja fyrir eftir nokkrar vikur. Skipulagsstofnun hefur ákvarðað að fyrirhugaðar breytingar á meðhöndlun sorps á Strönd séu ekki tilkynningaskyld framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Geymsla brotajárns, þ.m.t. bílar, sem er að magni allt að 1500 tonnum á ári falla í flokk C og urðu tilkynningarskyld til viðkomandi sveitarfélags frá 1. júní sl.

Varðandi frávík skal enn bent á að geymsla bílhræja skal fara fram á vökvaheldu undirlagi. Rekstraraðili sagði að hönnun og útböð á yfirborði vinnu- og geymslusvæða færi fram á næstu vikum og úrbóta mætti vænta á haustmánuðum.

Kvartanir vegna starfseminnar bárust ekki á síðasta ári. Brugðist hefur verið við eldri kvörtunum um fokefni með byggingu vinnuskemmu þar sem hægt er að sturta af bílum innandyra og meðhöndla léttari efni. Móttöku úrgangs er hætt þegar vindur fer yfir ákveðin mörk.

Ekki hefur verið tekið við sláturúrgangi á yfirstandandi ári og heildarmagn sláturúrgangs á síðasta ári var um 800 tonn. Beðið er ákvörðunar Umhverfisstofnunar á því hvort orðið verði við beiðni rekstraraðila um undanþágu frá botnpéttingu fyrir þess hluta urðunarstaðarins þar sem óvirkur úrgangur og stórgerður almennur byggingarúrgangur skal urðaður. Sú ákvörðun mun koma fram í nýju starfsleyfi. Botnpétting og söfnun sigvatns úr sláturúrgangshluta urðunarstaðarins stendur fyrir dyrum. Mælingar á hauggasi hafa farið fram, en ákvörðun um söfnun hauggass frestast þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Í starfsleyfi er gert ráð fyrir samráðsfundi rekstraraðila, heilbrigðiseftirlits Suðurlandssvæðis og Umhverfisstofnunar á fjögurra ár fresti. Síðast var haldinn samráðsfundur á árinu 2009 og því ætti næsti fundur að hafa farið fram á árinu 2013 í síðasta lagi. Rekstraraðili kvaðst myndi boða til fundar á næstu vikum.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi og áætlanir sem liggja eiga fyrir eru til staðar og áætlað er að yfirfara þær nú þegar nýtt starfsleyfi er í bígerð. Bent var á verkfræðistofuna Mannvit sem vinnur áætlanir og skýrslur fyrir Sorpstöðina á Strönd og best væri að snúa sér þangað. Haldið er utan um mælingar og skýrslugerð gagnvart grein 3.2 og atriði 4 í grein 3.1 í starfsleyfinu af Mannvit verkfræðistofu og hafa allar skýrslur borist.

Herða þarf á skráningum gagnvart ákveðnum atriðum í grein 3.1 í starfsleyfinu.

Rætt var um aðrar kröfur starfsleyfisins s.s. umhverfismarkmið, umhverfi urðunarstaðarins og þjálfun starfsmanna. Bæta má skráningu á innra eftirliti rekstraraðila.

Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um vinnuástöðuna með Ágústi Inga Ólafssyni og Ómari Sigurðssyni. Nýtt vinnsluhús var skoðað, steinsteypt plön og olíuskilja. Farið var yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar þegar yfirborð vinnusvæða og móttöku- og flokkunaraðstaða verða malbikuð. Gengið var um geymslusvæði fyrir vinnuvélar og bílhræ og áfram yfir á urðunarsvæðið. Nýbúið var að taka nýja holu og ekki var neinn úrgang að sjá. Mikill trjá- og timburúrgangur er á svæðinu. Rekstraraðili kvaðst bíða stórvirks kurlara. Fyrirhugað er að blanda kurluðu timbri saman við sláturúrgang þegar og ef jarðgerð hefst aftur. Einnig er fyrirhugað að bjóða íbúum á starfssvæði sorpstöðvarinnar upp á kurlað timbur í stíga og beð.

Frávik frá

REGLUGERÐ um úrvinnslu ökutækja, nr. 303/2008. Þar segir: **Svæði geymslustaðar skal vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.**

Stæði skulu steypt eða malbikuð og afrennsli tengt olíuskilju og/eða sandfangi.

Lýsing á fráviki

Á nokkrum stöðum á athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að strönd eru vélar og tæki sem rekstraraðili hefur tekið í geymslu til lengri eða skemmri tíma. Ekki er amast við því enda er heimild í starfsleyfi til móttöku á allt að 500 tonnum sem síðan er sendur til meðhöndlunar annars staðar. Sorpstöðin þarf þó að tryggja að aðstaða á staðnum sé með vökvaheldu yfirborði.

Ákvæði 1.8 í starfsleyfi sem kveður á um að rekstraraðili skuli standast kröfur rg. 738/2003: *"Urðunarstaðuruppfylli nauðsynleg skilyrði sem varna því að jarðvegur, grunnvatn eða yfirborðsvatn mengist og sem tryggja að sigvatni sé safnað á skilvirkan hátt í þeim tilvikum sem þess er krafist".*

Eins og undanfarin ár hafa kröfur er varða botnpéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns ekki verið uppfylltar. Engin eftirfylgni er þó út af þessu þar sem aðgerðum hefur verið frestað þar til umsókn um undanþágu hefur verið tekin til afgreiðslu með nýju starfsleyfi.

Ákvæði í starfsleyfi, grein 4.11 um samráðsfund.

Ekki hefur verið haldinn samráðsfundur í sex ár þótt þess sé krafist í starfsleyfinu að rekstraraðili skuli á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Úrbótum hefur verið lofað eftir 2 - 3 vikur þegar drög að nýju starfsleyfi liggur fyrir. Ekki verða því frekari eftirmál vegna þessa.

ATHUGASEMDIR

Herða þarf á skráningum vegna atriða í grein 3.1 í starfsleyfi

Reykjavík, 10.06.2015



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.